

GRÆNT BÓKHOLD LANDSPÍTALA 2022



ÞAD HELSTA AF ÁRANGRI Í UMHVERFISMÁLUM

Fyrsti áfangi rafvæðingu 40 bíla flota Landspítala hófst. Útboð og afhending bílanna dróst að miklu leyti fram á nýtt ár, því mun minni losun ekki sjást fyrr en í uppgjöri 2023. Stór hluti véla í lóðaumsjón var einnig rafvæddur. Starfsfólki bauðst að fá lánað rafhjól í mánaðartíma. Mikil ánægja var með verkefnið sem talið var hafa jákvæð áhrif á heilsu og hreyfingu og margir létu verða af kaupum á rafhjóli.

Tekinn var í notkun nýr umhverfisvænni starfsmannafatnaður úr tensel og endurunnu polyester. Tensel veldur minni umhverfisáhrifum í framleiðslu en t.d. bómull, minni orku þarf til að þurrka á notkunartíma og blái fatnaðurinn þykir þægilegur.



LANDSPÍTALI

VILTU FÁ LÁNAÐ RAFHJÓL?

Tilraunaverkefni Landspítala
apríl-september 2022

Frestur til að sækja um þátttöku rennur út 20. mars 2022

